



# 300 Slysátrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 1. Lög um vátryggingarsamninga og hugtök.

- 1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.
- 1.2 Í vátryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (Tryggingamiðstöðin hf.), vátryggingartaki og vátryggður notuð í sömu merkingu og í öðrum hluta laga um vátryggingarsamninga, sbr. (samanber) 62. gr. (grein) laganna.

### 2. Vátryggingarsvið.

- 2.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.
- 2.2 Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

### 3. Gildistími, uppsögn og greiðsla iðgjalds.

- 3.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) 3. mgr. (málgrein). Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins.
- 3.2 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.
- 3.3 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.4 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 3. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 3.5 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 4. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 3.6 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 3.7 Falli vátrygging niður skv. 4. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 3.8 Vátrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.
- 3.9 Uppsögn skal vera skrifleg.
- 3.10 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

### 4. Hvar vátryggingin gildir.

- 4.1 Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 5. Aldurstakmörk.

- 5.1 Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er sá sem tryggður er nær 67 ára aldri, nema öðruvísi sé ákveðið í skírteininu.
- 5.2 Félagið vátryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.



# 300 Slysátrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 6. Íþróttir, flugferðir o.fl. (og fleira).

- 6.1 Vátryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki og teygjustökki.
- 6.2 Félagið bætir ekki slys sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
- 6.3 Félagið bætir ekki slys sem verða í fjallaklifri, bjargsigi og froskköfun.
- 6.4 Sumar af áhættum þeim, sem undanskildar eru í 1., 2. og 3. mgr., er þó unnt að innifela í vátryggingunni með áritun á skirteinið.

### 7. Áhættubreyting.

- 7.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna tekur m.a. (meðal annars) mið af starfi vátryggðs eins og það er tilgreint í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Verði breytingar á aðstæðum vátryggðs að þessu leyti eða öðrum aðstæðum, sem tilgreindar eru í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og iðgjaldið tekur mið af, ber honum að tilkynna það til félagsins þegar í stað. Hefur félagið rétt til að hækka iðgjaldið frá þeim tíma er áhættubreytingin varð.
- 7.2 Hafi félaginu ekki borist tilkynning samkvæmt 1. mgr. í síðasta lagi við greiðslu fyrsta iðgjalds eftir breytinguna og leiði vanrækslan til þess að iðgjaldið verður ekki hækkað, lækkar ábyrgð félagsins hlutfallslega fyrir sérhvert vátryggingartilvik.

### 8. Svik og rangar upplýsingar.

- 8.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 8.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 120. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 9. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

- 9.1 Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans, greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir, hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.
- 9.2 Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfu, lömun, bæklun, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrsbiti eða -stungu.
- 9.3 Hafi ástæður, sem greinir í 2. mgr., verið þess meðvaldandi að vátryggður missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.
- 9.4 Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjóskloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.

### 10. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

- 10.1 Félagið bætir ekki:
  - a. slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
  - b. slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.,
  - c. slys er vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,



# 300 Slysátrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- d. slys sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss,
  - e. slys sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
  - f. slys vegna eittraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er,
  - g. slys vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
  - h. hvers konar tjón, beint eða óbeint, sem rekja má til asbests.
- 10.2 Valdi váttryggður váttryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um váttryggingarsamninga.

### 11. Ráðstafanir vegna slyss.

- 11.1 Slasaða ber að leita lækni strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækni.
- 11.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublaðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 11.3 Látist váttryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.
- 11.4 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða váttryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.
- 11.5 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.
- 11.6 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

### 12. Dánarbætur.

- 12.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan eins árs frá slysdegi, greiðist upphæð sú sem var í gildi á slysdegi, sbr. 19. og 20. gr., að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- 12.2 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að váttryggður deyr.

### 13. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón.

- 13.1 Valdi slys váttryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 19. og 20. gr.
- 13.2 Örorku skal meta í hundraðshlutum skv. töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
- 13.3 Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.
- 13.4 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:
  - a) Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
  - b) Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
  - c) Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfalli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með lækniáðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
  - d) Ef hinn slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati sbr. b) og c) lið.
  - e) Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.



# 300 Slysatriyging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 14. Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku – dagpeningar.

- 14.1 Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 19. og 20. gr.
- 14.2 Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá þeim degi sem ákveðinn er í skírteininu og þar til slasaði hefur endurheimt starfsorku sína, þó eigi lengur en í þann hámarksbótatíma sem skírteinið ákveður og eigi fyrir tímabil að loknum þremur árum frá slysdegi.
- 14.3 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

### 15. Bætur vegna tannbrots.

- 15.1 Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkutryggingarupphæðinni vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu vátryggingarári við 7,5 % af sömu upphæð.
- 15.2 Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem ber að höndum þegar vátryggður matast. Þá bætist ekki tjón svo sem vegna brota á tönnum við vinnuslys eða vegna annarra atvika að því marki sem það bætist af opinberum tryggingastofnunum samkvæmt lögum um almannatryggingar og reglugerðum um þátttöku hins opinbera í kostnaði við tannlækningar.

### 16. Greiðsla bóta og vextir.

- 16.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. vátryggingarsamningalaga.

### 17. Meðferð ágreiningsmála.

- 17.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 17.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um þessar nefndir og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.
- 17.3 Þrátt fyrir úrræði skv. 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla.

### 18. Fyrning.

- 18.1 Kröfur sem falla undir vátryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingasamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

### 19. Vísitölubinding vátryggingarfjárhæða og iðgjalds.

- 19.1 Vátryggingarfjárhæðir þær sem greindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittun breytast fyrsta dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysluerðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu þá sem greind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Ef iðgjald greiðist á fleiri gjaldkögum en einum skal iðgjald á öðrum og síðari gjaldkögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitöluna.

### 20. Vísitölubinding bótafjárhæða.

- 20.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysdegi en breytast með vísitölu neysluerðs til verðtryggingar eins og nánar greinir í 2.- 4. mgr.
- 20.2 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til dánardags.
- 20.3 Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til uppgjördags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 20.4 Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi.



# 300 Slysatrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 21. Breyting á vísitölugrundvelli.

- 21.1 Verði breyting á grundvelli vísitölu neysluverðs til verðtryggingar skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu samkvæmt nýjum grundvelli við vísitölu samkvæmt eldri grundvelli.
- 22 Lög um váttryggingarsamninga, lausn ágreiningsmála o.fl.
- 22.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 22.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfhætti hennar má fá hjá félaginu.
- 22.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 22.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

### Skráning í tónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.

## SKILDAGAR

Eftirfarandi skildagar gilda, ef þeirra er getið á skírteini eða iðgjaldskvittun

### Nr. (Númer) 1.

#### Íþróttaáhætta.

Váttrygging þessi nær til slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Þó eru undanskilin slysa er verða í fjallaklifrí, bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, svifflugi, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.

### Nr. 2.

#### Hrein atvinnuslysatrygging.

Váttryggingin nær eingöngu til slysa sem hinn váttryggði verður fyrir í starfi hjá váttryggingartaka (atvinnuslys).

### Nr. 3.

#### Hrein atvinnuslysatrygging með ferðum til og frá vinnu.

Váttryggingin nær eingöngu til slysa sem hinn váttryggði verður fyrir í starfi hjá váttryggingartaka (atvinnuslys) og á beinni leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis.

### Nr. 4.

#### Fritímatrygging.

Váttrygging þessi nær ekki til slysa sem hinn váttryggði verður fyrir í starfi hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáhætta fylgir.



# 300 Slysatriyging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### Nr. 5.

#### Fritímatrygging með íþrótaáhættu.

Vátrygging þessi nær til slysa sem verða í frítíma hins vátryggða þar á meðal slysa er verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings keppni í hvers konar íþróttum. Þó eru undanskilin slys er verða í fjallaklifri, bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, svifflugi, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki. Slys sem verða í starfi eru algerlega undanþegin hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaþætta fylgir.

### Nr. 6.

#### Íþrótaáhætta – einstaklingar.

Vátrygging þessi nær eingöngu til slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Þó eru undanskilin slys er verða í fjallaklifri, bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, svifflugi, drekaflugi, fallhlífarstökki, froskköfun og teygjustökki.

### Nr. 7.

#### Íþrótaáhætta - meistaraflokkur í knattspyrnu.

Vátryggðir eru allt að 25 einstaklingar samkvæmt nafnalista. Vátryggingin nær einungis til slysa sem verða í keppni í meistaraflokki félagsins eða á æfingum þess. Þó eru einnig innifaldar hópferðir til keppni annars staðar en í heimabæ félagsins.

### Nr. 8.

#### Íþrótaáhætta - meistaraflokkur í handknattleik.

Vátryggðir eru allt að 16 einstaklingar samkvæmt nafnalista. Vátryggingin nær einungis til slysa sem verða í keppni í meistaraflokki félagsins eða á æfingum þess. Þó eru einnig innifaldar hópferðir til keppni annars staðar en í heimabæ félagsins.

### Nr. 9.

#### Rekstrarstöðvunartrygging vegna slysa eða sjúkdóma.

##### 1. Þeir sem eru vátryggðir.

Vátryggingin tekur til þess einstaklings eða einstaklinga, sem getið er í vátryggingarskírteini.

##### 2. Aldurstakmörk.

Þegar hinn vátryggði verður 65 ára fellur vátryggingin úr gildi við lok vátryggingarársins.

##### 3. Vátryggingarsvið.

Félagið greiðir bætur ef stöðvun verður á rekstri vátryggðs vegna slyss eða sjúkdóms er hann verður fyrir. Slysið eða sjúkdómurinn verður að valda því að vátryggður verði með öllu óvinnufær og hafa í för með sér algera fjarvist hans af vinnustað á bótatímabilinu. Fyrir verður að liggja vottorð læknis um óvinnufærni vátryggðs.

##### 4. Tjón sem vátryggingin bætir.

Félagið greiðir eftirfarandi tjón sem rekstrarstöðvunin hefur í för með sér:

- vinnulaun sem vátryggðum ber að greiða á bótatímabilinu samkvæmt gildandi kjarasamningum þrátt fyrir stöðvun á rekstrinum,
- fasta kostnaðarliði sem ekki falla niður þótt starfsemin stöðvist og fram koma í vátryggingarbeiðni.

##### 5. Takmarkanir á bótaskyldu.

Vátryggingin bætir ekki tjón sem verður þegar hinn vátryggði verður óvinnufær að hluta, hlýtur varanlega örorku eða deyr af völdum slyss eða sjúkdóms.

# 300 Slysáttrygging

## VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

### 6. Bótauppgjör.

Þegar bótaskyld tjón verður, skal váttryggingartaki láta félaginu í té öll gögn sem eðlilegt er að krefjast til að sannreyna bótakröfuna svo sem skattuppgjör, rekstraruppgjör, bókhaldsgögn og önnur skjöl sem upplýst geta um rekstrarafkomu váttryggðs.

### 7. Skyldur váttryggðs þegar tjón verður.

Váttryggðum ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af völdum rekstrarstöðvunar og þannig draga úr afleiðingum sjúkdóms eða slyss. Farist það fyrir getur það haft í för með sér skerðingu bóta eða bótamissi.

### 8. Bótatímabil.

Bætur greiðast frá þeim degi sem váttryggði er talinn óvinnufær og þar til hann hefur endurheimt starfsorku sína. Þó ekki lengur en í þann hámarksbótatíma sem fram kemur í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun að frádregnum biðtíma sem getið er í váttryggingarsamningi.

### 9. Skilmálar sjúkra- og slysáttryggingar.

Það er skilyrði fyrir bótum úr váttryggingu þessari að váttryggingaratburður sé bótaskyldur úr sjúkra- og slysáttryggingu váttryggðs. Að öðru leyti vísast til sjúkra- og slysáttryggingarskilmála félagsins að svo miklu leyti sem þeir eiga við og ekki er vikið frá í þessum skilmálum.

### 10. Lög um váttryggingarsamninga.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði, sem ekki eru ákvæði um í váttryggingaskilmálum þessum.